

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi, Miðbær Hafnarfjarðar vegna Linnetsstígs 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. október 2025 breyting á deiliskipulagi Miðbæjar Hafnarfjarðar vegna Linnetsstígs 6. Breytingin felst m.a. í breyttu útliti viðbygginga en viðbyggingarnar rúmast innan núverandi byggingarreita. Viðbyggingarnar mega víkja frá upprunalegu útliti hússins, þaksvalir eru leyfðar. Brunastigi má vera í allt að 80 cm fjarlægð út fyrir byggingarreit á suðurhlíð hússins.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 1. október 2025.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 15. október 2025